

Fjórði fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir landslagsverndarsvæði í
Þjórsárdal

Fjarfundur haldinn á Teams 8. október 2021 klukkan 11:00

Fundarmenn

- ✓ Þórdís Björt Sigþórsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- ✓ Hákon Ásgeirsson, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- ✓ Ásta Hermannsdóttir, fulltrúi Minjastofnunar Íslands
- ✓ Björgvin Skafti Bjarnason, fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps
- ✓ Lovísa Ásbjörnsdóttir, fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands
- ✓ Evalía Kolbrún Ágústsdóttir, nemi

Dagskrá:

1. Hvar erum við stödd og hvað er eftir – sbr. Verk- og tímaáætlun
2. Förum yfir niðurstöður frá vettvangsferð með hestamönnum
3. Förum yfir niðurstöður frá opnum kynningarfundum
4. Ræðum þyrlumál
5. Göngu-,reið- og hjólaleiðakort
6. Rennum hratt yfir áætlunina í heild sinni og stöldrum við á völdum stöðum.
7. Áherslur frá samstarfshópi vegna aðgerðaráætlunar til 3ja ára
8. Önnur mál frá samstarfshópi
9. **Næstu skref**

Fundarefni:

1. Samkvæmt verk- og tímaáætlun þá vinnur samstarfshópurinn núna í 3. áfanga, þ.e. opinn kynningarfundur hefur verið haldinn og verið er að vinna drög að 3. kafla og mun sú vinna halda áfram hjá samstarfshópi ásamt því að vinna drög að göngu-, hjóla- og reiðleiðakortum. Ásamt vinnunni við 3. áfanga mun jafn óðum vera unnið að 4. áfanga, greiningu á aðgerðum.
2. Niðurstaða vettvangsferðar með fulltrúum hestamanna var að reiðleið sem liggur um svæðið við Stöng er í góðu ástandi og ekki ástæða til að breyta legu hennar. Farið verður í minniháttar lagfæringar á brekkunni þar sem komið er niður að ánni og einnig sett upp einföld girðing til að stýra hestaumferð betur um það svæði.
3. Þórdís og Hákon fóru yfir umræður sem fóru fram á opnum kynningarfundum og munu þær nýtast vel í vinnunni við 3. kaflann. Búið er að setja inn samantekt frá fundinum á svæði fyrir vinnslu áætlunarinnar á heimasíðu Umhverfisstofnunar og senda [tengil](#) á þá sem komu á fundinn.
4. Göngu-,reið- og hjólaleiðakort verður unnið áfram í samstarfi við þá aðila sem hafa verið að vinna þau með sveitarfélaginu.
5. Hákon fór yfir áætlunina í heild sinni. Fara þarf sérstaklega yfir ákveðna undirkafla í 3. kafla með Minjastofnun og Náttúrufræðistofnun.
6. Næstu skref er að halda áfram vinnunni við 3. kafla og aðgerðaráætlun. Næsti fundur verður boðaður í samstarfshóp þegar drögin að 3 og 4. kafla eru tilbúin ásamt aðgerðaráætlun.